



SÁL4BG05- Börn og greiningar

Námsáætlun, vorönn 2024

Kennari/kennarar:

Silja Björk Egilsdóttir

Netfang/netföng:

Silja.egilsdottir@borgo.is

Lýsing: Í þessum áfanga er markmiðið að kynnst sem flestum viðfangsefnum sem snúa að greiningum á barnageðröskunum. Skoðaðar verða mismunandi hugmyndir sálfræðinnar um hvað sé afbrigðilegt atferli og hvað ekki. Þá verður farið í sjónarmiðin 5 í sálfræðinni og afbrigðileiki skoðaður út frá þeim. Flokkunarkerfi geðraskana verða kynnt til sögunnar, notkun og uppsetning þeirra ásamt kostum og göllum. Yfirflokkurinn taugaþroskaraskanir í DSM-5 kerfinu verður sérstaklega skoðaður, ásamt öðrum barnageðröskunum. Farið verður í formlegar matsaðferðir við greiningu barnageðraskana. Hin ýmsu sálfræðilegu próf verða kynnt til sögunnar. Einnig verður farið í óformlegar matsaðferðir við greiningu barnageðraskana og þá helst í viðtalsaðferðina, beinar athuganir og hegðunarskráningu. Greiningarferlið verður skoðað út frá íslenskum veruleika en farið verður ítarlega í greiningarferli ADHD og Einhverfurófsins.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu geðröskunum barna.
- flokkunarkerfunum DSM-5 og ICD-10.
- þeim sálrænu, félagslegu og líffræðilegu þáttum sem hafa áhrif á geðraskanir barna.
- ýmsum matskvörðum og sálfræðilegum prófum sem notuð eru í greiningarferlinu.
- mismunandi tegundum viðtalsaðferða.
- hlutverki ýmissa stofnana þegar kemur að greiningu.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja sig í spor barna með barnageðraskanir.
- greina mismunandi orsakir barnageðraskana.
- greina þá sálrænu, félagslegu og líffræðilegu þætti sem hafa áhrif á barnageðraskanir.
- greina þá þætti sem þarf að huga að í árangursríkum viðtölum.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- auka hæfni sína til að vinna með börnum með barnageðraskanir.
- auka hæfni sína til að vinna með fagaðilum sem koma að greiningum á barnageðröskunum.
- styrkja hæfni sína til að bera kennsl á atferliseinkenni geðraskana og fatlana barna.
- koma með tillögur að námsmarkmiðum út frá greiningum.
- setja upp einfalda einstaklingsmiðaða þjálfunaráætlun fyrir barn með geðröskun.



Námsmat:

Mæting og virkni í Lotur	10%
13 Umræðutímar – Skil á svörum, Mæting og Virkni:	20%
Verkefni 1 – Sjónarmið sálfræðinnar og barnageðröskun	10%
Verkefni 2 – DSM-5 og líffræðilegar áherslur	10%
Verkefni 3 – Greiningarferlið á Íslandi	10%
Verkefni 4 – ADHD	10%
Verkefni 5 – Einhverfurófið	10%
Lokaverkefnið (Kynning + skýrsla)	20%

Námshöfnun:

Lesefni er á Innu.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Skyldumæting er í staðbundnar lotur og í umræðutíma.

Nemendur eiga að undirbúa sig fyrir umræðutíma með því að lesa eða horfa á námsefni vikunnar og svara síðan spurningum sem varpaðar eru fram í umræðutímanum. Nemendur geta nýtt sér einn tíma sem „opinn umræðutíma“ en þá svarar nemandi þær spurningar sem varpað var fram í umræðutímanum innan sólahrings. Senda þarf tölvupóst á kennarann ef nemandi ætlar að nýta sér þennan valkost.

Það verður að skila inn öllum verkefnum þar sem þetta er próflaus símatsáfangi. Ekki er tekið við verkefnum eftir að skilafrestur er útrunninn.

Nemandi þarf að vera skráður í facebook hóp áfangans (heiti: SÁL4BG05) og leggja fyrir spurningar þar ef hann hefur einhverjar. Gott er að setja fram spurningu fyrir framan aðra því oft eru nemendur í sömu hugleiðingum. EKKI senda mér einkaskilaboð á facebook, sendið frekar á silja.egilsdottir@borgo.is

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
1	1.-6. jan	Lota 1 - Kynning á áfanga og verkefnum	
2	7.-13. jan	1. Geðröskun Hvað er afbrigðilegt atferli? Hvað er geðröskun?	Umræðutími 1
3	14.-20. jan	2. Orsakir barnageðraskana Sjónarmið sjálfræðinnar og afbrigðilegt atferli	Umræðutími 2 Verkefni 1
4	21.-27. jan	3. Einkenni Barnageðraskana Flokkunarkerfi geðraskana, DSM-5, taugaproskaraksanir	Umræðutími 3
5	28. jan-3. feb	4. DSM-5 og Greiningar Flokkunarkerfi geðraskana, DSM-5, kostir og gallar, taugaproskaraksanir	Umræðutími 4 Verkefni 2
6	4.-10. feb	5. Greining þroskafrávika Hvað þarf að skoða og hvernig er greiningarferilinn?	Umræðutími 5
7	11.-17. feb	6. Matstæki Sálfræðileg próf, skimunarkvarðar, klíniskir matskvarðar	Umræðutími 6
8	18.-24. feb	7. Geðheilsumiðstöð barna, Ráðgjafar- og Greiningarstöð og BUGL	Ekki umræðutími Verkefni 3
9	25. feb-2. mars	Lota 2 - Taugaproskaraskanir Næstu verkefni, lokaverkefnið	Ekki umræðutími
10	3.-9. mars	8. Viðtöl Viðtöl í greiningum, börnin, foreldrar, kennararnir	Umræðutími 7
11	10.-16. mars	9. Kvíði barna einkenni og meðferðaúrræði	Umræðutími 8
12	17.-23. mars	10. ADHD einkenni og greiningarferlið	Umræðutími 9
13	24.-30. mars	PÁSKAFRÍ	Ekki umræðutími
14	31. mars -6. apríl	11. ADHD mikilvægi greiningar og meðferðaúrræði	Umræðutími 10 Verkefni 4
15	7.-13. apríl	12. Einhverfurófraskanir einkenni	Umræðutími 11
16	14.-20. apríl	13. Einhverfurófraskanir greingarferlið	Umræðutími 12 Verkefni 5
17	21.-27. apríl	14. Skjánoktun barna og afleiðingar Skjáheilkenni?	Umræðutími 13
18	28. apríl -4. maí	Lota 3 - Kynning á lokaverkefni - önnin dregin saman	Ekki umræðutími Lokaverkefni

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.